

Alþingi
Erindi nr. P 141/307
komudagur 2.11.2012

2.11.2012

Meðfylgjandi er umsögn Velferðarsviðs um frumvarp til laga um neytendalán ásamt bókun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Á fundi velferðarráðs 1.nóvember s.l. var lögð fram umsögn Velferðarsviðs til nefndasviðs Alþingis um frumvarp til laga um neytendalán (þ.m.t. smálán).

Velferðarráð samþykkti eftirfarandi bókun:

Velferðarráð tekur heilshugar undir athugasemdir Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar varðandi lög um neytendalán en smálán falla þar undir. Sérstaklega er mikilvægt að koma í veg fyrir að lánaþyrirtækjum sé gert kleift að taka lágmarksframfærslu af fólki með því að skuldfæra beint af bankareikningum. Velferðarráð treystir því að fundin verði viðeigandi lausn á því að þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu verði betur gerð grein fyrir stöðu sinni sem lántakendur og að reynt verði að sporna við því að þessi sami hópur geti orðið sér úti um smálán án skoðunar á greiðslugetu og skuldastöðu.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Valgerður Sveinbjörnsdóttir
Skrifstofa Velferðarsviðs
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111/beint nr. 411-9003/gsm: 822-3012
www.velferdarsvid.is



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

***Efni: Umsögn um frumvarp til laga um neytendalán.
Þingskjal 228 - 220. mál.***

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að koma á framfæri eftirfarandi athugasendum við frumvarp til laga um neytendalán.


Að mati Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er það mjög jákvætt að veiting svonefndra smálána sé felld undir ramma neytendalöggjafarinnar til að tryggja neytendavernd. Mikilvægt er að þess sé gætt að upplýsingagjöf til lántakenda verði með einföldum og skýrum hætti svo að tilgangi laganna verði náð.

Lánin hafa sérstaklega verið tekin af þeim sem höllum fæti standa af ýmsum ástæðum enda er lántaka í formi smálána hröð og einföld í framkvæmd en að sama skapi fljót að vinda upp á sig með alvarlegum afleiðingum. Mörg dæmi eru um það að einstaklingar og fjölskyldur þeirra lendi í vítahring smálánatöku. Er þá sérstaklega horft til þeirra sem eru berskjaldaðir stöðu sinnar vegna fyrir þeirri markaðssetningu sem viðgengist hefur af hálfu smálánafyrirtækjanna. Í þeim hópi eru m.a ungmenni, fíkniefnaneytendur, geðfatlaðir einstaklingar og þeir sem hafa lítið á milli handanna.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar styður framgangs frumvarpsins og telur það mikilvægt skref í þá átt að tryggja hagsmuni neytenda.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri